

ENDURVINNSLA/JARÐGERÐ ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGSINS EHF. Í HELLISLANDI. SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurvinnsla/jarðgerð Íslenska gámafélagsins ehf. í Hellislandi, Sveitarfélaginu Árborg, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslenska gámafélagið ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. október 2010.



INNGANGUR

Þann 30. júlí 2010 barst tilkynning Íslenska gámafélagsins ehf. um endurvinnslustöð/jarðgerð í Helliislandi, Sveitarfélaginu Árborg, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Árborgar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Árborg með bréfi dags. 6. september 2010, og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. ágúst 2010. Frekari upplýsingar bárust frá Íslenska gámafélaginu ehf. með bréfi dags. 8. september 2010.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í tilkynningu Íslenska gámafélagsins ehf. kemur fram að fyrirhuguð endurvinnsla úrgangs felist í því að jarðgera lífrænan heimilisúrgang. Jarðgerðin fer fram með þeim hætti að safnað er lífrænum heimilisúrgangi frá þremur sveitarfélögum á suðurlandi (Hveragerði, Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi). Úrgangurinn fer úr söfnunarbíl í jarðgerðarvél ásamt stoðefnum, sem eru kurlað timbur og hrossatað. Vélin blandar hráefnunum saman og fer niðurbrotsferlið fram með loftháðu ferli þannig að ekki myndast metan við niðurbrotið heldur eingöngu CO₂. Þegar blandan hefur verið í vélinni í um tvær vikur er hrámoltan tekin úr og látin þroskast fyrir utan vél í um 3-6 mánuði. Að þeim tíma liðnum eru tekin næringarefna- og bakteríusýni úr moltunni áður en hún er nýtt sem jarðvegsbætur við uppgræðslu og gróðursetningu. Vélin getur annað um 200 tonnum af lífrænum úrgangi á ári.

Fram kemur að jarðgerðin muni fara fram innan lóðar sem er um 33.450 m² og er á skipulögðu iðnaðar- og athafnasvæði. Áður var á lóðinni gámasvæði Árborgar og þar áður urðunarstaður sveitarfélagsins sem takmarkar nýtingu svæðisins. Svæðið er afgirt og læst utan vinnutíma.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að draga úr urðun lífræns úrgangs og aðstoða sveitarfélögin við að ná þeim markmiðum sem Umhverfisstofnun hefur sett fram í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Framkvæmdaraðili telur framkvæmdina ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitarfélagið Árborg telur að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að ef tekið verði á þeim athugasemdum sem stofnunin gerir í umsögn sinni þá séu ekki líkur á því að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Ennfremur megi gera ráð fyrir að tekið verði á sömu þáttum, sem og öðrum þáttum er snúa að mengun frá starfsemi, við útgáfu nýs starfsleyfis.

Umhverfisstofnun bendir á að helstu vandamál sem geti komið upp við jarðgerð séu lyktarmengun, mengað sigvatn og fok ef ekki sé gengið nægjanlega frá geymslusvæðum, auk þess sem fuglar, flugur og önnur dýr geti leitað á svæðið.

Áhrif á núverandi landnotkun. Umhverfisstofnun bendir á að taka verði tillit til dvalarstaða fólks en ekki aðeins til nálægðar við íbúðarhús. Ef rétt sé staðið að jarðgerð þá lykti hún undir venjulegum kringumstæðum lítið, en tryggja þurfi að nóg súrefni sé til staðar við niðurbrotsferlið. Mikla lykt geti lagt frá óunnum lífrænum heimilisúrgangi og gæta verði að því að ekki hljótist óþrifnaður við geymslu hans í gámum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að þeir staðfesti að fullt tillit sé tekið til dvalarstaða fólks varðandi lyktarmengun. Fram til þessa hafi tekist að lágmarka lyktarmengun við moltugerðina. Verið sé að vinna að því að koma loftsúu á moltugerðavélina eða jafnvel setja upp aðra vél sem komi með lofsúu frá framleiðanda. Varðandi athugasemd Umhverfisstofnunar um það fyrirkomulag að geyma lífrænan úrgang í krókagámi sé ekki mögulegt að koma honum beint í jarðgerðarvélina, þá ætlar framkvæmdaraðili að bregðast við því með því að fara með slíkan úrgang til urðunar í Álfsnesi. Úrgangurinn muni því ekki koma til með að standa í krókagám á svæðinu eins og upphaflega hafi verið ráðgert.

Áhrif á jarðveg og vatn. Umhverfisstofnun bendir á að þó að svæðið sé gamall urðunarstaður þá eigi samt sem áður að tryggja að sigvatn frá hrámoltnu, sem oft innihaldi mikið magn salta, ammoníum- og súlfat efnasambanda, valdi ekki mengun og óþrifnaði á svæðinu. Samkvæmt reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs sé bannað að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfi. Umhverfisstofnun bendir á að hægt sé að safna frárennslisvatni í setþró til frekari hreinsunar en æskilegast væri að þroskun afurða færi fram innan dyra.

Framkvæmdaraðili svarar því til að hann sé meðvitaður um þann möguleika að vökvi geti lekið geti frá moltuvinnslunni. Hingað til hafi lekinn verið óverulegur ef nokkur. Blöndun moltunnar fari fram í algerlega lokuðu rými og engin hætta á að leki frá jarðgerðarvélinni. Sé moltan of rök þá sé bætt við hana kurluðu timbri sem bindi umframvökvann. Verið sé að vinna að því að finna lausn á því til hvaða ráðstafana verði gripið ef moltan blandast ekki rétt og vökvi leki frá henni, svo koma megi í veg fyrir að mengun berist í jarðveg. Stefnt sé að haganlegri lausn, en ekki sé talinn raunhæfur möguleiki að láta moltuna þroskast innandyra á meðan ekki sé um meira magn að ræða.

Áhrif á nærliggjandi svæði. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hvernig fyrirtækið muni standa að hindrun foks á svæðinu. Upplýsingar vanti um hæð girðingar og ráðstafanir við losun úrgangs í krókagáma og jarðgerðarvél t.d. þegar veður séu slæm.

Framkvæmdaraðili svarar því til að losun í jarðgerðarvélina sé framkvæmd með hliðsjón af veðurskilyrðum þannig að lágmarkaðar séu líkur á að fok verði. Þá sé lífrænn úrgangur sem fari í vélina eðlisþungur og fokhætta því takmörkuð. Tilgangur girðingarinnar sem sé í kringum svæðið sé ekki til að hindra fok, heldur koma í veg fyrir aðgang fólks að vinnusvæðinu.

Meindýr. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi fram hvernig fyrirtækið muni standa að því að fyrirbyggja að meindýr, s.s. fuglar, flugur, rottur eða önnur hugsanleg meindýr leiti í úrganginn.

Framkvæmdaraðili svarar því til að verið sé að leggja lokahönd á meindýrvarnaáætlun fyrir framkvæmdasvæðið, sem farið verði eftir. Nú þegar séu til ýmsar varnir til að draga úr útbreiðslu meindýra. Varðandi ásókn meindýra í moltuna, þá sé aðgangur að

hrámoltunni mjög takmarkaður þar sem hún fari beint úr söfnunarbíl í jarðgerðarvélina. Reynslan hafi sýnt að meindýr sæki takmarkað í moltuna þegar hún kemur úr vélinni, þar sem úrgangurinn sé það mikið niðurbrotinn að meindýr hafi litla næringu þangað að sækja.

Áhrif á núverandi landnotkun. Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborg bendir á að starfsemi Íslenska gámafélagsins ehf. sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða starfsemi sem fer fram á gömlum urðunarstað, á lóð sem er á skilgreindu iðnaðar- og athafnasvæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að um sé að ræða mikilvæga starfsemi sem taki mið af markmiðum Umhverfisstofnunar í landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Minnt er á að mikilvægt sé að ekki séu notuðu hráefni í jarðgerðina/moltuna sem takmarki notkunarmöguleika hennar sem jarðvegsbætis.

Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að helstu vandamál sem geti komið upp við jarðgerð séu lykt, mengað sigvatn og fjúkandi rusl auk þess sem huga þurfi að því að halda frá meindýrum.

Skipulagsstofnun telur að þessi áhrif verði ekki veruleg í ljósi þeirra ráðstafana sem ýmist eru til staðar eða eru fyrirhugaðar og greint er frá í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar. Þar kemur fram að setja eigi loftsíu á jarðgerðarvinnsluvélina til að draga úr mögulegri loftmengun auk þess að flytja þann lífræna úrgang sem ekki kemst strax í vélina burtu til urðunar í stað þess að geyma hann á svæðinu. Þá hyggst framkvæmdaraðili finna lausn á því hvernig fara megi með mengað vatn sem einkum sé sigvatni frá moltunni þegar hún þroskast utan vélar. Við losun hráefnis í jarðgerðarvél er tekið mið af veðurfarsaðstæðum og í ljósi eðlisþyngdar úrgangsins sé ekki líklegt að fok frá vinnslunni verði verulegt. Vinnsla hrámoltunnar fer fram í lokuðu rými og því sé hætt á ásókn meindýra í þann hluta framleiðslunnar varla veruleg né þegar hún þroskast utan jarðvinnsluvélarinnar, þar sem næring hennar fyrir meindýr sé þá orðin takmörkuð. Unnið sé að takmörkunum á aðgangi meindýra að úrgangi á athafnasvæðinu.

Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdaraðili ráðfæri sig við Umhverfisstofnun varðandi útfærslu bestu lausna framangreindra atriða sem öll varða einnig starfsleyfi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslenska gámafélagsins ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Íslenska gámafélagsins ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurvinnsla/jarðgerð í Hellislandi, Sveitarfélaginu Árborg, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Íslenska gámafélagið ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. október 2010.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

